



# „Núna eru allir einhvern veginn rosa uppteknir og það er enginn sem svona heldur utan um krakkana“: Þörf á foreldrafræðslu: Sýn umsjónarkennara á miðstigi grunnskóla

Sigrún Helgadóttir og Hrund Þórarins Ingudóttir

► Abract    ► Um höfunda    ► About the authors    ► Heimildir

Þær breytingar sem hafa orðið á fjölskyldulífi undanfarna áratugi hafa leitt af sér nýjar áskoranir í uppeldi barna. Þá upplifa margir foreldrar streitu vegna samhæfingar fjölskyldu- og atvinnulífs. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á áskoranir í uppeldi 10–13 ára barna að mati umsjónarkennara. Aukinheldur að skoða sýn þeirra á hlutverk og ábyrgð foreldra og umsjónarkennara á uppeldi sem og mat þeirra á þörf á stuðningi og uppeldisfræðslu fyrir foreldra. Tekin voru viðtöl við átta umsjónarkennara 5.–7. bekkja í grunnskólum. Helstu niðurstöður eru þær að miklar samfélagslegar kröfur eru gerðar til foreldra sem verða til þess að foreldrar eru mjög uppteknir. Umsjónarkennararnir finna fyrir kröfu frá foreldrum um að þeir styðji þá enn frekar en áður við uppeldi barna sinna. Umsjónarkennurinum finnst það varla vera sitt hlutverk, þeir séu hvorki menntaðir til þess né sé þeim mögulegt að bæta á sig fleiri verkefnum. Þeir vilja að foreldrar beri ábyrgð á og sinni uppeldi barna sinna. Þeir telja foreldra 10–13 ára barna hafa þörf á stuðningi og uppeldisfræðslu. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að vera mikilvægt innlegg í umræðu um hlutverk og ábyrgð foreldra og kennara á uppeldi barna. Einnig ættu þær að nýtast við stefnumótun foreldrafræðslu og uppeldisráðgjafar, vera stuðningur fyrir þá sem vinna með foreldrum og með því vera mikilvægar fyrir foreldra og börn.

**Efnisorð:** Foreldrar, börn, uppeldi, grunnskóli, kennarar, foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf

## Inngangur

Miklar samfélagslegar breytingar hafa átt sér stað á síðastliðnum áratugum sem leitt hafa til nýrra krafna og væntinga til uppeldis (OECD, 2020). Nú á dögum er gerð ríkari krafa til foreldra en áður um að börn þeirra séu heilbrigð, örugg, sýni góðan árangur í því sem þau taka sér fyrir hendur og verði síðar góðir samfélagsþegnar (Roskam o.fl., 2017). Svo hægt sé að styðja foreldra er mikilvægt að skoða hvað það er sem reynir helst á í uppeldi barna. Þessi grein byggist á rannsókn þar sem skoðuð var sýn umsjónarkennara á miðstigi grunnskóla á áskoranir í uppeldi og þörf foreldra 10–13 ára barna á stuðningi og uppeldisfræðslu. Börn á miðstigi grunnskóla verja stórum hluta dagsins í skólanum en samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) er vikulegur kennslutími barna á þessum aldri rúmlega 23 tímar. Því má ætla að umsjónarkennarar barna í 5.–7. bekk þekki vel til þarfa barna á þessum aldri. Einnig má gera ráð fyrir að þeir þekki vel til foreldra þessara barna því grunnskólinn á „í samvinnu við heimilin“ að „stuðla að alhliða þroska allra nemenda“ (lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. gr.) og ber hann ábyrgð á samstarfi heimilis og skóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Því ætti sjónarhorn umsjónarkennara að varpa mikilvægu ljósi á áskoranir í uppeldi barna. Rannsókninni er einnig ætlað að skoða hlutverk og ábyrgð

foreldra og umsjónarkennara á uppeldi barna sem og þörf foreldra fyrir stuðning og uppeldisfræðslu AÐ mati umsjónarkennara.

## Uppeldishlutverkið

Hér á landi eru í gildi lög og reglugerðir um ábyrgð og skyldur foreldra. Samkvæmt þeim bera foreldrar „höfuðábyrgð“ á börnum sínum (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013, 27. gr.) og „ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum“ (barnalög nr. 76/2003, 28. gr.). Foreldrar skulu einnig búa börnum sínum „viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna“ (barnaverndarlög nr. 80/2002, 1. gr.). Þá ber þeim að „afla barni sínu lögmæltrar fræðslu“ (barnalög nr. 76/2003, 28. gr.). Foreldrar bera „ábyrgð á námi barna sinna“ (19. gr.) og ber þeim að „fylgjast með og styðja við skólagöngu og námsframvindu“ (18. gr.) (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Jafnframt bera foreldrar ábyrgð á hegðun barna sinna og eiga þeir að bregðast við afleiðingum óæskilegrar hegðunar þeirra í skólanum (reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélaginu nr. 1040/2011).

Ljóst er að foreldrahlutverkið er margþætt og því fylgir mikil ábyrgð. Foreldrar virðast vera meðvitadír um ábyrgð sína á uppeldi barna sinna en á sama tíma finnst mörgum þeirra þessi ábyrgð vera eitt af því erfiðasta við hlutverkið (Hrund Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2010). Til að foreldrar geti sinnt hlutverki sínu og ábyrgð sem best er mikilvægt að þeir hafi aðgang að ráðgjöf og stuðningi, til dæmis í formi uppeldis- og foreldrafræðslu. Slík fræðsla hefur verið skilgreind sem ferli sem felur í sér aukna færni, innsæi, skilning, viðhorf og þekkingu á þroska barna og sambandi foreldris og barns ásamt að stuðla að vexti í foreldrahlutverkinu (NPEN, 2021). Komið hefur fram í fyrri rannsóknum að foreldrar vilja fá stuðning í foreldrahlutverkinu (Birna María Svanbjörnsdóttir, 2007; Hrund Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2010).

Þegar skoðað er framboð á uppeldisfræðslu, ráðgjöf og stuðningi á Íslandi fyrir foreldra 10–13 ára barna virðist lítið vera í boði fyrir foreldra sem vilja leita sér almennrar fræðslu um uppeldi og fá stuðning til að takast á við daglegar áskoranir foreldrahlutverksins. Meira er í boði þegar upp er kominn vandi. Til dæmis er PMTO (Parent Management Training – Oregon aðferð) meðferðarúr-ræði fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika (Margrét Sigmarsdóttir o.fl., 2015). ART-teymið á Suðurlandi (e.d.) er með fjölskyldu-ART (Aggression Replacement Training) þar sem foreldrum eru „kenndar leiðir til þess að ná jákvæðum aga og eiga árangursrík og góð samskipti á heimilinu“. Foreldrahús (e.d.), starfsstöð foreldrasamtakanna Vímulaus æska, býður upp á fræðslu, ráðgjöf og úrræði fyrir foreldra þeirra barna sem leiðast snemma út í vímuefnavanda. Litla kvíðameðferðarstöðin (e.d.) sem sérhæfir sig í kvíða barna heldur námskeið fyrir foreldra. Hegðunarráðgjöf (2017) býður upp á ráðgjöf og „kennslu til fjölskyldna barna með einhverfu eða önnur þroskafrávik“. Sálstofan (e.d.) er með námskeið fyrir foreldra barna sem eiga erfitt með að stjórna skapi sínu. Hjá heilsugæslunni (e.d.) um land allt er verið að innleiða foreldramiðaða meðferð við kvíða hjá börnum á aldrinum 6–12 ára þar sem foreldrum eru kenndar aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar. Heimili og skóli (e.d.) eru með fræðslu og fyrirlestra um þætti sem lúta að samstarfi heimilis og skóla. Auk þessa má finna mikið af uppeldisráðum á veraldarvefnum, í hlaðvörpum og fleira en erfitt getur verið fyrir foreldra að átta sig á gæðum upplýsinganna (OECD, 2020). Til að mennta fólk, sérhæft í að veita fjölbreyttum hópi foreldra almenna fræðslu og stuðning í uppeldishlutverkinu, hefur Háskóli Íslands boðið upp á MA-nám í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf frá haustinu 2015 og diplómu frá 2021 (Háskóli Íslands, e.d.-b). Fyrstu nemendurnir hafa útskrifast og eru að stíga sín fyrstu skref á vettvangi foreldrafræðslu og uppeldisráðgjafar.

Kennarastéttin kemur einnig að uppeldi barna en henni ber, samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011), að sinna kennslu, stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknnum og þróunarstarfi. Þá ber umsjónarkennari ábyrgð á námi, þroska, „líðan og velferð“ nemenda sinna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Kennarar skulu „rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi“ og „gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum,

[og] foreldrum þeirra“ (lög um grunnskóla nr. 91/2008, 12. gr.). Kennarar vilja eiga góð samskipti við nemendur og foreldra þeirra (Sigrún Erla Ólafsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir (2013). Þeir virðast standa sig vel því að mati nemenda í 6. bekk er kennurum annt um nemendur sína og hægt að treysta þeim (Einar B. Þorsteinsson og Ársæll Arnarsson, 2018). Í námi grunnskólakennara er eitthvað komið inn á foreldrasamstarf og tengsl heimilis og skóla í nokkrum námskeiðum en þó mismikið (Háskóli Íslands, e.d.-a, Háskólinn á Akureyri, e.d.).

Grunnskólakennarar finna fyrir álagi í starfi. Samkvæmt nýrri rannsókn (Sif Einarsdóttir o.fl., 2019) hefur kulnun meðal kennara aukist og helsta ástæðan talin ofálag; of mörg verkefni, tímapressa og mikil persónuleg samskipti við nemendur. Að auki hefur komið fram að hegðunarerfiðleikar nemenda leiða til tilfinningaþrots kennara (Snæfríður Dröfn Björgvinsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir, 2014). Lengi hafa kennarar upplifað hegðun nemenda á miðstigi grunnskóla erfiða, samanber niðurstöður rannsóknar frá 2006 (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns). Þá töldu kennarar að rekja mætti erfiða hegðun nemenda til „óheppileg[ra] uppeldisaðferð[a]“ foreldra, svo sem skorts á ramma og tímaleysi. Samkvæmt nýlegri rannsókn (Ragnar F. Ólafsson, 2019) fer meiri tími í agamál í kennslustofunni á unglingsstigi hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Kennurum finnst erfiðara en áður að setja nemendum mörk samkvæmt skýrslu Skúla Helgasonar og féлага (2017). Þar kemur einnig fram að kennurum finnst erfið foreldrasamskipti valda álagi í starfi. Kennarar telja að hægt væri að draga úr álagi á þá með því að auka aðgengi að öðrum sérfræðingum (Skúli Helgason o.fl., 2017).

Umsjónarkennarar upplifa aukinn þrýsting frá foreldrum um að þeir sjái um ýmsa uppeldislega þætti sem voru áður á hendi heimilanna (Erla Sif Markúsdóttir og Lilja M. Jónsdóttir, 2016; Skúli Helgason o.fl., 2017). Aftur á móti óska kennarar eftir því að foreldrar axli aukna ábyrgð á uppeldi barna sinna og telja að ekki sé nóg að leik- og grunnskólar komi að uppeldi barna (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006). Þeir telja að foreldrar þurfi að huga að gildismati sínu og forgangsröðun og verja meiri tíma með börnum sínum (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006). Kennarar telja foreldra forgangsráða tómskundum barna sinna fram yfir heimanám (Skúli Helgason o.fl., 2017). Þá vilja kennarar að foreldrar komi meira inn í skólann en telja á sama tíma að foreldrar hafi ekki þann tíma aflögu (Nanna Kristín Christiansen, 2011). Uppeldisaðferðir og stuðningur foreldra við nám barna sinna geta skipt miklu máli fyrir námsárangur þeirra (Alonso o.fl., 2017; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019).

## Uppeldi í nútímasamfélagi

Í nútímasamfélagi hafa margir þættir áhrif á foreldrahlutverkið. Kröfur eru gerðar til foreldra um atvinnuþátttöku en Ísland er meðal þeirra landa OECD þar sem hún er hæst (OECD, e.d.). Foreldrar finna líka fyrir streitu vegna samhæfingar fjölskyldu- og atvinnulífs (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019; Kolbeinn H. Stefánsson, 2008). Foreldrar nefna að langir vinnudagar og heimilisstörf vegi þungt í upplifun þeirra á streitu, ásamt barnauppeldi, sér í lagi tómsundaíðkun barna, heimanámi og öðru samstarfi sem snýr að skólagöngu barna (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019). Þó að um helmingur foreldra telji sig hafa nægan tíma fyrir barn sitt samkvæmt rannsókn Hrunnar Þórarinsdóttur og Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2010) er um þriðjungur ekki á því máli og sama hlutfall talar um tímaskort í uppeldishlutverkinu. Rúmlega 80% barna og ungmenna segjast eiga góð eða mjög góð samskipti við foreldra sína (Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2020). Góð samskipti foreldra og barna er verndandi þáttur í uppeldi barna því þau stuðla að jákvæðum félagslegum gildum sem hjálpa ungu fólki að takast á við krefjandi aðstæður (WHO, 2012). Mikilvægi samveru foreldra og barna hefur komið fram í rannsóknum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019; Steinberg, 2001). Leiðandi uppeldishættir (Baumrind, 1971) eru taldir hvað heillavænlegastir þar sem foreldrar sýna börnum sínum mikla hlýju og uppörvun en á sama tíma setja þeim skýr mörk. Þessir foreldrar nota útskýringar, hvetja börnin til að skýra út sín sjónarmið, taka vel á móti hugmyndum þeirra og krefjast þroskaðrar hegðunar af þeim. Börn sem alast upp við leiðandi uppeldishætti sýna almennt meiri samskiptahæfni, betri námsárangur, betra sjálfsálit, minni depurð og eru ólíklegri til að neyta vímuefna en börn sem alin eru upp við aðra uppeldishætti (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019).

Á Íslandi er hefð fyrir því að börn njóti mikils frelsis í uppeldi (Jóhanna Einarisdóttir, 2006). Skortur er á rannsóknnum á þessu sviði en samkvæmt doktorsrannsókn Baldurs Kristjánssonar (2001) virðast íslenskir foreldrar setja sig minna inn í líf barna sinna samanborið við hinar norrænu þjóðirnar.

Börn á aldrinum 10–13 ára verja stórum hluta dagsins í skólanum. Stór hluti 6. bekkinga segist að sér líki mjög vel (43%) eða þokkalega (48%) í skólanum en rúmur þriðjungur segist þó finna fyrir nokkru eða miklu álagi vegna skólanámsins (Einar B. Þorsteinsson og Ársæll Arnarsson, 2018). Íþrótta-, félags- og tómstundastarf skipar stóran sess í lífi margra barna á þessum aldri. Um helmingur þeirra tekur reglulega þátt í slíku starfi og stór hluti þeirra sem stunda íþróttir æfir eða keppir allt að fimm sinnum í viku (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2020). Íþrótta-, félags- og tómstundastarf barna getur haft jákvæð áhrif á margvíslegan þroska þeirra (Vandell o.fl., 2019). Ýmislegt getur þó haft áhrif á að börn hætti þátttöku, eins og kostnaður, tímaleysi, dvínandi áhugi og of mikil samkeppni (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2011).

Félagsþroski barna á þessu aldursskeiði er í mikilli mótun (Collins og Madsen, 2019). Hér á landi segist stór hluti nemenda í 5.–7. bekk eiga marga vini í skólanum, en 8% nemenda segjast eiga enga eða fáa vini og 13% segjast finna stundum eða oft fyrir einmanaleika (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2020). Um 6% nemenda í 6. bekk segjast vera lagðir í einelti einu sinni í viku eða oft (Einar B. Þorsteinsson og Ársæll Arnarsson, 2018). Einhver aukning hefur verið undanfarin ár á að börn í 5.–7. bekk verði fyrir stríðni á netinu en 2019 sögðust 6% stúlkna og 4% drengja verða fyrir slíku (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2020) og rúmlega 10% barna segjast verða fyrir neteinelti (Páll Biering og Guðberg K. Jónsson, 2016).

Streita hefur áhrif á andlega heilsu og líðan barna (Crnic og Coburn, 2019). Rúmur þriðjungur nemenda í 6. bekk segist fá höfuðverk vikulega eða oft og um fimmtungur segist finna fyrir depurð vikulega eða oft (Einar B. Þorsteinsson og Ársæll Arnarsson, 2018). Tíðni daglegrar depurðar er 4% meðal drengja og 8% meðal stúlkna í 6. bekk (Ársæll Arnarsson, 2019). Þegar litið er til leiða nemenda í 5.–7. bekk segjast á bilinu 11–13% drengja og 10–19% stúlkna finna stundum eða oft fyrir leiða á síðustu 7 dögum (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2020). Þá sýndu um 16% barna í 6. og 7. bekk einkenni ofsakvíða, 7% almennrar kvíðaröskunar og 20% aðskilnaðarkvíða, í lítilli rannsókn (69 þátttakendur) sem gerð var í tveimur grunnskólum 2016 (Brynja Örlygsdóttir o.fl.).

Margt getur stuðlað að streitu í nútímasamfélagi, svo sem tölvu- og snjalltækjanotkun (Barr, 2019), en stór hluti íslenskra barna telst virkir notendur (Jóna Karen Sverrisdóttir o.fl., 2013; Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2020). Stafræni heimurinn felur í sér ýmis tækifæri en á sama tíma áskoranir (Barr, 2019). Komið hefur fram að minni skjátími og meiri hreyfing hjá unglingum minnkar líkur á þunglyndi, kvíða, lágu sjálfsmati og lífsleiða (Soffía M. Hrafnkelsdóttir o.fl., 2018; Twenge og Campbell, 2018). Einnig tengist mjög mikil notkun samfélagsmiðla daglegri depurð barna og unglinga (Ársæll Arnarsson, 2019). Þá eru tengsl milli net- og skjánotkunar barna og svefntruflana (Lemola o.fl., 2015). Unglingum finnst það vera hlutverk foreldra sinna að setja mörk um netnotkun (Ólína Freysteinsdóttir o.fl., 2015), en spurning er hvort foreldrar séu að sinna því hlutverki því um 38% evrópskra barna á aldrinum 9–13 ára eru á samfélagsmiðlum þrátt fyrir að aldurstakmarkið sé 13 ára (Livingstone o.fl., 2011). Þá er einnig spurning hvort foreldrar hafi nægjanlega þekkingu á netnotkun barna sinna en um 19% íslenskra foreldra segjast ekki þekkja netnotkun barna sinna mjög vel (Jóna Karen Sverrisdóttir o.fl., 2013). Foreldrar þurfa að leiðbeina börnum sínum þegar kemur að tölvu- og snjalltækjanotkun (Barr, 2019) en erlendis hefur komið fram að foreldrar vilja fá fræðslu og stuðning frá skólum barna sinna varðandi skjánotkun (Livingstone o.fl., 2015).

Af þessu má sjá að bæði foreldrar og kennarar hafa skyldum að gegna í uppeldi barna þó foreldrar beri meginábyrgðina lögum samkvæmt. Foreldrum finnst ábyrgðin erfið, finna fyrir streitu vegna samhæfingar fjölskyldu- og atvinnulífs og vilja fá stuðning í uppeldishlutverkinu. Umsjónarkennarar þekkja vel til daglegs lífs barna og því er mikilvægt að fá sjónarhorn þeirra á þörf fyrir fræðslu og stuðning við foreldra. Því verður hér leitað svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hvaða áskoranir fylgja uppeldi 10–13 ára barna að mati umsjónarkennara? Hvert er hlutverk og ábyrgð foreldra og umsjónarkennara á uppeldi barnanna? Hver er þörf foreldra á stuðningi og uppeldisfræðslu að mati umsjónarkennaranna og hvaða viðfangsefni þurfa foreldrar helst að fá fræðslu um?



## Aðferð

Til að leita svara við rannsóknarspurningunum voru tekin átta hálfopin viðtöl við umsjónarkennara á miðstigi grunnskóla sem síðan voru þemagreind (Braun og Clarke, 2006). Rannsóknin er meistaraverkefni fyrri höfundar þessarar greinar en hún er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem seinni höfundur stendur fyrir og leiðir um þörf foreldra fyrir fræðslu og stuðning í uppeldishlutverkinu.

Þátttakendur voru valdir af hentugleika (Braun og Clarke, 2013). Leitast var við að þátttakendur væru fjölbreyttir hvað varðar búsetu, kyn, aldur og starfsaldur til að stuðla að gæðum rannsóknarinnar. Allir þátttakendur störfuðu sem umsjónarkennarar á miðstigi grunnskóla og höfðu allir leyfisbréf sem grunnskólakennarar. Þrír þeirra kenndu 5. bekk, þrír 6. bekk og tveir 7. bekk. Fimm þeirra höfðu lokið námi frá Kennaraháskóla Íslands á þeim árum sem kennaranámið var þrjú ár og tveir þeirra höfðu síðar lokið meistaranámi. Hinir þrír höfðu lokið háskólanámi í öðrum greinum áður en þeir bættu við sig kennararéttindum. Þátttakendur voru á aldrinum 32–61 árs, sjö konur og einn karl. Starfsaldur þeirra í grunnskóla var 3–32 ár. Fjórir þátttakenda bjuggu og störfuðu í Reykjavík, í þremur mismunandi hverfum. Í Reykjavík eru meðaltekjur 590 þ.kr. á mánuði (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Tveir þátttakenda bjuggu og störfuðu í dreifbýli þar sem meðaltekjur á hvorum stað eru rétt rúmar 500 þ.kr. (Hagstofa Íslands, e.d.-b) og tveir þátttakendur í sjávarþorpi þar sem meðaltekjur eru annars vegar rúmar 500 þ.kr. og hins vegar rúmlega 600 þ.kr. (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Allir þátttakendur nema einn unnu hjá sveitarfélagi þar sem innflytjendur voru meðal nemenda (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Allir þátttakendur nema einn voru sjálfir foreldrar og áttu eitt til fimm börn. Öll viðtölin voru tekin á vinnustöðum þátttakenda fyrir utan eitt sem var tekið á heimili þátttakanda. Viðtölin voru á bilinu 35–90 mínútur að lengd. Í viðtölunum var stuðst við viðtalsvísi. Hann byggði að hluta til á vísi sem gerður var fyrir stærri rannsóknina en spurningum var bætt við og þær lagðar að þátttakendum þessarar rannsóknar. Viðtalsvísirinn var forprófaður í æfingaviðtali áður en rannsókn hófst. Fyrri höfundur tók viðtölin en hún er menntaður uppeldis- og menntunarfræðingur, með kennsluréttindi í grunn- og framhaldsskóla auk þess sem hún hefur lokið meistaranámi í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf. Hún hefur yfir 10 ára reynslu af því að starfa í grunnskóla, meðal annars sem umsjónarkennari á miðstigi. Þá er hún móðir tveggja barna á grunnskólaaldri. Bakgrunnur hennar var gagnlegur fyrir rannsóknina þar sem hún hafði innsýn í störf umsjónarkennara og þekkti foreldrahlutverkið af eigin raun.

Farið var í einu og öllu eftir siðareglum Háskóla Íslands (2019) og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (nr. 90/2018). Þátttakendur veittu upplýst samþykki fyrir þátttöku og vinnslu gagna. Þeim voru gefin dulnefni við afritun og þess gætt að ekki yrði hægt að rekja neinar persónugreinanlegar upplýsingar til þeirra. Viðtölin voru afrituð orðrétt. Við greiningu viðtalanna var þemagreining Braun og Clarke (2006) notuð. Viðtölin voru lesin ítarlega og kóðuð (Clarke o.fl., 2015). Síðan var gerð tillaga að þemum út frá kóðunum og þau borin saman við rannsóknarspurningarnar. Lokabæmun mynda síðan svör við rannsóknarspurningunum.

## Niðurstöður og umræður

Greind voru þrjú meginþemu: (1) Miklar samfélagslegar kröfur eru gerðar til foreldra og barna, (2) aukin krafa frá foreldrum um að kennarar komi meira að uppeldi barna og (3) þörf á aukinni uppeldisfræðslu og stuðningi fyrir foreldra. Þemagreiningin er undirbyggð með vísun í gögnin og jafnóðum sett í samhengi við fyrri rannsóknir.

### Miklar samfélagslegar kröfur eru gerðar til foreldra og barna

Öllum umsjónarkennurunum var tíðrætt um þær kröfur sem þeir upplifa að íslenskt samfélag geri til foreldra og barna. Þeir töluðu um mikinn hraða í samfélaginu og tímaskort sem veldur streitu og álagi hjá foreldrum og börnum. Dagskrá foreldranna er þétt og það bitnar á börnunum að mati umsjónarkennaranna, eða eins og Snæfríður sagði: „Núna eru allir einhvern veginn rosa uppteknir og það er enginn sem svona heldur utan um krakkana og allt á svo miklum hraða og reddingar.“

Umsjónarkennararnir töldu þennan hraða og miklu kröfur verða til þess að foreldrahlutverkið væri flóknara nú en áður.

Margir þeirra töldu að kröfur atvinnulífsins ættu stóran þátt í hraðanum og álaginu á fjölskyldur. Þeir vildu meina að atvinnurekendur gerðu „rosalega miklar kröfur ... til foreldra“ (Margrét), „vinnutíminn [væri] of langur“ (Sunna) og með því yrði samfélagið „ófjölskylduvænt“ (Margrét). Sunna sagðist hafa miklar áhyggjur af áhrifum langs „vinnudag[s foreldra] frá börnunum sínum“ á tengsl foreldra og barna og fannst þetta hálf „vonlaus framtíðarsýn“. Aðrir tóku dæmi um vetrarfríin í skólunum. Þá sæju sumir foreldrar sér ekki fært að taka frí frá vinnu og vissu því ekki hvað þeir ættu „að gera við börnin“ (Þuríður). Umsjónarkennararnir bentu á að þrátt fyrir innleiðingu vetrarfrís í skólum væri atvinnulífið „alltaf [með] sömu kröfurnar á foreldrana þannig að börnin eru orðin svolítill byrði á foreldrunum“ (Þuríður). Að þeirra mati væri „samfélagið ... ekki [að] styðja við fjölskyldu- og barnafólk ... [og látið eins og] það fari allt á hlið ef foreldrar þurfa að vera heima“ með börnum sínum (Snæfríður). Þetta mat þeirra samræmist fyrri rannsóknum sem hafa sýnt að foreldrar eiga erfitt með að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019; Kolbeinn H. Stefánsson, 2008). „Samfélagið þarf að aðlagast ... [og] gera foreldrum ... kleift að sinna börnum sínum,“ sagði Þuríður.

Það er ekki aðeins atvinnulífið sem gerir kröfur til foreldra, skóli barnanna gerir það einnig. Sunna benti á að samkvæmt lögum bera „foreldrar ... ábyrgð á skólagöngu barna sinna“ og umsjónarkennararnir voru meðvitaðir um þessar skyldur foreldra. Kennararnir sögðust gera þá kröfu til foreldra að þeir styddu við heimanám barna sinna, þá sérstaklega „heimalestur“ (Þuríður). Þeir vildu að foreldrar „hjálpuðu börnunum sínum að koma með það sem á að koma með í skólann ... [svo sem] sunddóti[ð], ... lestrarkvittunarbók[ina] eða nesti[ð]“ (Guðrún). Þeir vildu að „foreldrar myndu ... lesa alla [tölvu]pósta frá“ þeim (Ólína) og myndu taka „á því sem ... [skólinn] er að biðja um“ (Snæfríður). Einnig myndu þeir vilja að foreldrar gæfu „sér tíma til að koma, allavegana á þessa foreldrafundi [og] ... kynningar“ í skólanum (Þuríður). Samkvæmt lögum bera foreldrar „ábyrgð á námi barna sinna“ (lög um grunnskóla nr. 91/2008, 19. gr.) og umsjónarkennararnir gera þá kröfu að þeir sinni þessari skyldu sinni. Velta má fyrir sér hvort sumir foreldrar átti sig ekki á þessari „ábyrgð“ sinni eða leggi annan skilning í hana en umsjónarkennararnir. Einnig gæti verið að þrátt fyrir að sumir kennaranna hafi tekið fram að „allir [foreldrar væru að] gera eins vel og þeir geta“ (Sunna) vanti að tekið sé nægjanlegt tillit til ólíkra aðstæðna foreldra, til dæmis þeirra sem lifa við „verulega erfiðar félagslegar aðstæður“ (Guðrún). Þá gæti einnig verið að foreldrar hafi einfaldlega ekki tíma eða orku til að sinna þessum kröfum skólans.

Ýmislegt fleira kemur til sem getur valdið álagi á foreldra en „mjög margir [þeirra] eru ofboðslega uppteknir“ að mati umsjónarkennaranna. Sumir „eru í þremur vinnum, eru í mastersnámi og eiga þrjú börn undir sjó ára,“ sagði Guðrún. Aðrir töluðu um kröfuna um að foreldrar „stund[i] [auk þess] líkamsrækt“ (Kolbrún) og að það væri tímafrekt. Enn aðrir töluðu um að fólk væri „upptekið af því að fara til útlanda“ (Magnús) og Kolbrún talaði um kröfuna um að „fara í 13 jólahlaðborð“ í aðdraganda jólanna. Hún sagði: „Ekki segja mér að það sé nauðsynlegt“ en bætti svo við: „En einhvern veginn upplifir fólk þetta þannig í dag.“ Þuríður tók undir og sagði: „Kröfurnar á foreldra eru gríðarlegar. Þú ert ekki maður með mönnum nema þú ... gerir þetta ... og eigir þetta.“ Sömuleiðis töluðu margir umsjónarkennaranna um að íþróttir og tómstundir barna ættu þátt í streitu og álagi á foreldra. Að mati umsjónarkennaranna fylgir því álag fyrir foreldra að keyra og sækja börnin í íþróttir og tómstundir, vera inni í öllu skipulagi og mæta á mót, sýningar og viðburði auk þess „að vera í foreldraráði, baka fyrir [köku]basarinn og vera í fjáröfluninni“ (Snæfríður). Þetta er í takt við aðrar rannsóknarniðurstöður um mörg verkefni foreldra og upplifun þeirra af streitu (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019). Þessar lýsingar kennaranna á lífsstíl foreldranna eru áhugaverðar, sérstaklega í ljósi þess að kennararnir störfuðu á ólíkum stöðum á landinu, í dreifbýli, sjávarþorpi og höfuðborginni, þar sem meðaltekjur íbúa eru mismunandi. Velta má fyrir sér hvort foreldrar upplifi kröfu um þennan lífsstíl óháð búsetu og félagslegum bakgrunni.

Það er ekki aðeins álag á foreldra heldur fara börnin ekki varhluta af því. Sem dæmi þá töluðu umsjónarkennararnir um að of mikil áhersla væri á keppni í íþróttum barna með tilheyrandi álagi á

börnin. „Við sem þjóðfélag þurfum að fara að skoða [tilgang íþróttar og] æfinga sem börnin eru á ... þau eru ekkert öll að fara að vera eitthvað keppnisfólk í íþróttum“ (Ólína). Þeir töldu að það vantaði æfingar fyrir „þau börn sem vilji bara æfa tvisvar sinnum í viku til þess að fá hreyfingu og gera eitthvað skemmtilegt“. Auk þess bentu nokkrir þeirra á að sum börn stundi margar íþróttir og/eða tómstundir. Sum eru í „of miklu ... eins og barnið sem er í dansi, handbolta og fiðlunámi“ og fer „til útlanda á dansmót tvisvar til þrisvar sinnum á vetri“, sagði Guðrún. Þessu getur fylgt mikið álag og streita að mati umsjónarkennaranna. Það rímar við niðurstöður Skúla Helgasonar og félaga (2017). Þá höfðu umsjónarkennararnir áhyggjur af að of mikil þátttaka í íþróttum og tómstundum hefði áhrif á þann tíma sem börn hefðu fyrir frjálsan leik eftir skóla, en „frjáls leikur er dásamleg leið til þess að slaka á“, sagði Kolbrún og bætti við að hann væri „kannski svolítið vanmeti[nn] hjá mörgum“. Þekkt er að íþróttir og tómstundir hafi jákvæð áhrif á börn (Vandell o.fl., 2019) en samkeppni getur haft neikvæð áhrif (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2011). Velta má fyrir sér hvort það sé ekki óþarfa álag á börn að hafa þessa áherslu á keppni en stór hluti þeirra barna sem stunda íþróttir æfa eða keppa allt að fimm sinnum í viku (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2020). Erum við ekki einnig að ætla börnunum um of að taka þátt í mörgum tómstundum á sama tíma?

Við álagið bætist sú krafa að nú þurfa allir að eiga allt að mati umsjónarkennaranna. Sem dæmi töldu þeir að stærstur hluti nemenda ætti sinn eigin snjallsíma: „Í þessum bekk mínum [börn í 6. bekk] þá veit ég ekki um neitt barn sem er ekki með [sinn eigin] snjallsíma“ (Magnús). Umsjónarkennararnir upplifa einnig að allir þurfi að hafa aðgang að öllu. Þeir sögðu að margir nemenda þeirra hefðu fengið leyfi hjá foreldrum sínum fyrir aðgangi að samfélagsmiðlum líkt og Snapchat, Facebook og Instagram þrátt fyrir að stór hluti barnanna hafi ekki aldur til að nota þessi smáforrit. Sumir umsjónarkennaranna lýstu áhyggjum sínum af áhrifum alls þessa á börn. Það er „ekkert að ástæðulausu“ (Ólína) að „kvíði og depurð ... virðist vera að einkenna alltof mikið af nemendum okkar núna“ (Margrét). Það er afleiðing allra þessara krafna og hraða sem einkennir íslenskt samfélag, sögðu þeir. Hvað sem veldur þá er vissulega vert að taka það alvarlega að hluti nemenda á þessum aldri finnur fyrir depurð (Einar B. Þorsteinsson og Ársæll Arnarsson, 2018) og þónokkrir fyrir kvíða (Brynja Örlygsdóttir o.fl., 2016).

## Aukin krafa frá foreldrum um að kennarar komi meira að uppeldi barna

Umsjónarkennararnir sögðust upplifa álag í starfi og „auk[na] press[u] frá foreldrum og kröfur um hvað skólinn ... [og kennararnir] ættu að gera“ (Kolbrún). Þeir sögðust upplifa, í auknum mæli, að foreldrar vildu að þeir kæmu að uppeldi nemenda og leiðbeindu þeim í samskiptum við félagana, eða eins og Snæfríður sagði: „Það aukast alltaf bara kröfurnar um að maður geri meira og meira fyrir þau [nemendurnar] og sinni meira uppeldinu.“ Sambærilegt kom fram í rannsókn Erlu Sifjar Markúsdóttur og Lilju M. Jónsdóttur (2016).

Almennt fannst umsjónarkennurinum að börnin væru „náttúrulega“ á þeirra „ábyrgð“ (Margrét) þegar þau væru hjá þeim í skólanum, en þeim fannst að „foreldrar verði líka að taka ábyrgð“ (Ólína). Að þeirra mati ætti það ekki að vera eingöngu skólans að fræða börnin. Foreldrar mættu ekki fría sig ábyrgð til dæmis hvað varðar heimanám barna þó upplifun þeirra væri að mörgum foreldrum þætti það „rosalega þægilegt ef kennarinn í skólanum getur séð um þetta [heimanámið] og við [foreldrararnir] getum þá bara einbeitt okkur að einhverju öðru“ (Magnús). Það sama á við um uppeldi og hin ýmsu samskiptamál sem upp koma í skólanum. Þeir töluðu um þann mikla tíma sem það tæki frá kennslunni að leysa hin ýmsu samskiptamál sem upp kæmu meðal nemenda og sumum fannst þeir „bara alls ekki“ hafa tíma til þess því verkefnið fyrir væru næg, eða eins og Ólína sagði: „Ég er bara með alls konar nemendur [sem þarf að sinna] og það eru alls konar mál [sem þarf að leysa] og ... ofboðslega mikið hjá mér af fundum [sem ég þarf að mæta á] og það kemur bara niður á undirbúningi á kennslunni.“ Að mati umsjónarkennaranna vilja sumir foreldrar varpa allri ábyrgð á skólann þegar kemur að því að leysa mál er varða börn þeirra á skólatíma. Sumir foreldrar eru „bara fegnir“ að barnið sé í skólanum því þá „er vandamálið ekki þeirra“ (Sunna). Samkvæmt lögum bera foreldrar „höfuðábyrgð“ á börnum sínum (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Þeir bera „ábyrgð á námi“ þeirra (lög um grunnskóla nr. 91/2008, 19. gr.) og hegðun

(reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélaginu nr. 1040/2011). Umsjónarkennararnir telja þó suma foreldra vera að reyna að varpa aukinni ábyrgð á þá en þeir vilja fæstir taka við þeirri ábyrgð, eða eins og Margrét sagði:

Foreldrar eru svolítið góðir í að varpa ábyrgðinni annað ... Ég upplifi það að foreldrar eru sífellt meira að setja hlutverk sitt yfir á okkar [kennaranna] herðar ... Ég fæ rosalega oft [frá foreldrum] spurninguna hvað ætlar þú að gera í málinu? Mig langar bara að varpa henni [spurningunni] til baka, [og fá] ... foreldra [til að axla] ... ábyrgðina.

Skiptar skoðanir voru meðal umsjónarkennaranna um að hve miklu leyti þeir ættu að koma að því sem gerðist utan skólatíma. Þeir upplifðu þó talsverðar kröfur frá foreldrum um að þeir gerðu það. Sem dæmi sagðist Kolbrún stundum fá til sín „nánast bara grátandi“ foreldra „á mánudagsmorgnum eftir samskipti“ barnanna við félagi sína um helgina og þeir bæðu hana um að ganga í málið. Ólína sagði frá foreldri fyrrum nemanda síns sem hafði haft samband við skólann vegna samskipta nemandans við aðra nemendur „á netinu ... utan skóla[tíma]“ og vildi að hún „gerð[i] eitthvað í því“. Umsjónarkennararnir voru þó sammála um að það væri „ekki beint“ hlutverk þeirra (Margrét) að taka á þeim samskiptamálum sem fara fram utan skólans og að þessi mál ættu að vera „á ábyrgð foreldra“ (Snæfríður). Margir þeirra sögðust þó reyna að vinna þessi mál með foreldrum.

Fæstum fannst það vera sitt „hlutverk“ að veita foreldrum ráð varðandi uppeldi nema að „mjög takmörkuðu marki“ (Guðrún), þó einhver hafi sagt að það væri „alveg 100% [þeirra hlutverk] ... að styðja þau [foreldrana] í uppeldi“ (Kolbrún). Nokkrir töluðu þó um að „stundum þurfi maður að gera meira af því“ að styðja foreldra en þeim fyndist vera innan síns verksviðs (Guðrún). Í því sambandi benti Margrét á að stundum væri „mjög erfitt að fá ... faglega aðstoð“, biðin eftir sérfræðingum væri „ofboðslega löng“ og því þyrftu kennarar stundum að ganga í málið. Almennt töluðu umsjónarkennararnir um að foreldrar leituðu ekki mikið ráða hjá þeim varðandi uppeldi. Það væri þó helst þegar foreldrarnir væru komnir í „öngstræti“ (Magnús) með einhver mál svo sem „kvíða og reiðistjórnun“ (Margrét) eða „hegðunarvanda“ (Margrét) að þeir leituðu til þeirra. Í lögum kemur fram að skólinn eigi að „stuðla að alhliða þroska“ barna í „samvinnu við heimilin“ (lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. gr.). Alhliða þroski er afar vítt hugtak en það er ekki útskýrt nánar í lögum hvað í því felst né hvernig þessari samvinnu eigi að vera háttáð. Það er því kannski ekki skrytið að óvissa ríki meðal foreldra og umsjónarkennara um hver beri ábyrgð á málum eins og samskiptum barna við félagi sína. Kennarastéttinni ber að sinna „uppeldi“ barna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) og umsjónarkennarinn ber ábyrgð á þroska, „líðan og velferð“ barna en í hverju það nákvæmlega felst er ekkert fjallað um í lögum eða aðalnámskrá, né hvort það eigi eingöngu við á skólatíma eða hvort kennarar eigi að koma að málum sem gerast utan skóla.

Umsjónarkennararnir greindu frá því að þeim fyndust þessi samskipti og stuðningur þeirra við foreldra í uppeldishlutverkinu fela í sér mikið álag og „streitu“ (Magnús). „Ég var eiginlega að bugast“, sagði Snæfríður, „því ég var búin að fá svo mikið nóg af nokkrum mæðrum umsjónarnemenda minna sem voru ítrekað að hafa samband við mig vegna samskipta barnanna“. Magnús talaði um álag vegna mikils aðgengis foreldra að kennurum, sem dæmi hefðu foreldrar verið að senda þeim skilaboð seint „á sunnudagskvöldum ... í gegnum Facebook“. Athugasemdir þeirra endurspeglu fyrri rannsóknir sem sýna að kennarar finna fyrir álagi í starfi, jafnvel svo miklu að það leiði til kulnunar (Sif Einarsdóttir o.fl., 2019; Snæfríður Dröfn Björgvinsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir, 2014).

Við þetta bætist að umsjónarkennurunum finnst þeir ekki hafa verið búnir undir þetta hlutverk í námi sínu. Þeir segjast hafa fengið leiðsögn um hvernig eigi að ráðleggja foreldrum um heimanám en „sorglega lítið“ (Margrét) um „hegðun“ (Ólína) eða uppeldi. Þeir hefðu viljað læra meira um samstarf við foreldra og hegðun barna. „Ég er bara ekki menntuð á því sviði“, sagði Margrét og bætti við að þau væru „að fá svo hrikalega flókin mál inn til okkar nú orðið – eitthvað sem við erum bara engan veginn undirbúin að takast á við“. Undanfarin ár hefur áhersla á foreldrasamstarf og tengsl heimilis og skóla verið aukin í kennaranámi (Háskóli Íslands, e.d.-a; Háskólinn á Akureyri, e.d.) en velta má fyrir sér hvort það sé nóg eða eigi að vera meira. Sunna sagði að hún væri alltaf að sjá það „betur og betur“ hversu mikilvæg „þverfagleg menntun [starfsfólks væri] innan skólans“ þannig að ólíkar fag-



stéttir gætu stutt hver aðra við að leysa þau mál sem upp koma. Velta má fyrir sér hvort það væri ekki mikilvægur stuðningur við kennara að ráða inn í skólana sérmenntað fólk sem geti stutt og leiðbeint foreldrum eins og þeir hafa sjálfir bent á (Skúli Helgason o.fl., 2017).

## Þörf á aukinni uppeldisfræðslu og stuðningi fyrir foreldra

Umsjónarkennurinum fannst framboð á uppeldisfræðslu, námskeiðum og ráðgjöf til foreldra ekki nægjanlegt. Sú þjónusta sem sé í boði væri „bara rosalega lítil og léleg“ (Sunna) og „langir biðlistar“ (Margrét) sem væri „skammarlegt“ að mati Magnúsar. Fræðsla ætti að vera í boði fyrir foreldra allra barna að þeirra mati – ekki aðeins ef barnið er „ofvirkt, með athyglisbrest og mótþróaþrjóskuröskun“ (Guðrún). Þeir töluðu um að úrræðin sem nú væru í boði væru „kostnaðarsöm“ og væru því „ekkert fyrir alla“ foreldra (Ólína). Sumir þeirra undruðu sig á að foreldrum byðist eingöngu fræðsla og stuðningur rétt eftir fæðingu barns en þá væri „ágætis ... utanumhald, upplýsingar og svoleiðis yfir í bara ekki neitt“ þegar barnið yrði eldra (Magnús). Þeir töldu að auka þyrfti stuðning og fræðslu fyrir foreldra skólabarna. Nokkrir þeirra lögðu áherslu á að það að fara á „uppeldisnámskeið“ (Guðrún) „ætti að vera algjörlega [eðlilegur] partur af því að eiga börn“ (Kolbrún). Sumir sögðust þó finna fyrir ákveðnum fordómum gagnvart því að foreldrar leituðu sér aðstoðar við uppeldið eins og foreldrar sem það gerðu fyndu „þínu til sektar eða skammar“ (Kolbrún).

Umsjónarkennararnir vildu sjá „miklu meiri og almennari“ (Kolbrún) fræðslu og stuðning í boði fyrir „hið almenna foreldri“ (Ólína). „Meira svona fyrirbyggjandi“ fræðslu, sagði Snæfríður sem lagði áherslu á að gripið væri inn í áður en komið væri „ófremdarástand“. Samkvæmt leit höfunda þessarar greinar virðist þó afar lítið vera um almenna fræðslu og stuðning fyrir foreldra 10–13 ára barna þó ýmislegt sé í boði ef upp er kominn vandi. Vonandi geta útskrifaðir MA-nemendur úr foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf (Háskóli Íslands, e.d.-b) uppfyllt þessa þörf í framtíðinni. Umsjónarkennararnir töldu foreldra þurfa þessa almennu fræðslu um uppeldi: Leiðsögn um „hvernig maður elur upp börn“ (Guðrún) og „mismunandi uppeldisaðferðir“ (Sunna) og hvernig þeim skuli beitt. Þeir töldu margir að foreldrar þyrftu leiðsögn við „að setja börnum [sínun] mörk“ (Snæfríður) og gæta þess að vera ekki alltaf „eftirlát[ir]“ (Kolbrún). Þeir töluðu um „agaleysi“ sem „part af þessu [íslenska] þjóðfélagi“ (Ólína) og sögðu það „alveg ótrúlegt hvað mörg börn eru frek og tilætlanarsöm“ (Guðrún). Ólína lýsti reynslu sinni af að flytja heim eftir að hafa búið erlendis um tíma: „Ég var bara í sjokki ... krakkarnir voru bara upp um allt og út um allt þú veist og rifu kjaft.“ Velta má fyrir sér hvort þetta haldist í hendur við áherslu á frelsi í uppeldi á Íslandi (Jóhanna Einarsdóttir, 2006). Magnús bætti við: „Við viljum [að] sjálfsgöðu ala börnin okkar þannig upp að þau finni að þeim er frjálst að segja hvað sem er og hafa sínar skoðanir en þú þarft að vera kurteis“ og rímar það við heillavænlega uppeldishætti þar sem áhersla er lögð á góð samskipti, að foreldrar styðji börn sín, hlusti á þau, beri virðingu fyrir skoðunum þeirra og setji þeim mörk (Baumrind, 1971; Steinberg, 2001; WHO, 2012).

Annað sem umsjónarkennararnir nefndu var að brýnt væri að fræða foreldra um mikilvægi samveru foreldra og barna. Þeir höfðu áhyggjur af að „samvera foreldra og barna ... [væri] minni en áður“ (Þuríður) og töldu því mikilvægt að minna foreldra á mikilvægi þess að verja tíma með börnum sínum og tala saman, enda hefur mikilvægi samveru foreldra og barna komið skýrt fram í rannsóknum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019; Steinberg, 2001). Samskipti voru umsjónarkennurinum hagleikin. Þeir töldu mikilvægt að foreldrum væri leiðbeint með hvernig best væri að háttá „samskipt[um] við börn sín“ (Margrét) en einnig hvernig þeir gætu hjálpað börnum sínum að eiga góð samskipti við félagana – hvort sem væri „face to face“ eða á „netinu“ (Magnús). Snæfríður sagði að upp hefðu komið „hræðileg mál ... af því að þau [börnin] eru á Snapchat og ráða engan veginn við þetta og Instagram og bara hræðilegar myndir og hræðileg samskipti“. Sunna sagði þau stundum „segja svo ljótt um hvert annað þarna inni“ og í ákveðnum tilvikum væri þetta „einelti“. Mikilvægt er að börnum séu kennd góð samskipti strax í æsku, bæði fyrir nútíð og framtíð þeirra (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019; Taylor o.fl., 2017).

Umsjónarkennararnir töldu foreldra einnig þurfa fræðslu og stuðning vegna tölvu- og snjalltækjanotkunar barna sinna. Þeir upplifðu „andvaraleysi“ (Sunna) foreldra varðandi net- og skjánotkun

barna þeirra. Þeir töldu foreldra oft ekki meðvitaða um hvað börnin væru að gera í tölvunni og við hverja þau ættu í samskiptum. Þuríður sagði foreldra stundum „gapandi hissa [eftir stutt fræðsluerindi í skólanum] hvað sko í rauninni það er sem börnin geta komist í tæri við og hverjir geta farið inn á heimili þeirra í gegnum tölvuna“ og þannig verið í samskiptum við börnin. Þá töldu margir umsjónarkennaranna foreldra ekki meðvitaða um hve miklum tíma börnin eyða fyrir framan tölvur og snjalltæki. Flestum umsjónarkennurinum fannst tölvu- og snjalltækjanotkun barna „of mikil“ (Magnús) en öðrum alveg „óhugnanleg[a]“ mikil (Þuríður). Þeir sögðu að sum börn, jafnvel niður í 6. bekk, væru háð símunum sínum. Umsjónarkennararnir töldu foreldra oft ekki góðar fyrirmyndir er kæmi að tölvu- og snjalltækjanotkun. „Við erum bara öll alveg rosalega lost [týnd] í sambandi við síma og tölvunotkun“ (Sunna). Við „þurfum ... kannski líka sjálf sem fullorðin fólk [að líta í eigin barm] ... varðandi net- og símanotkun“ okkar sjálfra (Magnús) og vera góðar fyrirmyndir. Þuríður sagðist sem dæmi heyra nemendur sína segja: „Mamma er bara alltaf í símanum [í bílnum]. ... Hún sko biður mig að fylgjast með [umferðar]ljósunum á meðan hún er í símanum.“ Snjalltækjanotkun hefur mikil áhrif á fjölskyldur í nútímasamfélagi, bæði neikvæð og jákvæð (Barr, 2019) en of mikil skjánotkun hefur neikvæð áhrif á andlega heilsu barna (Twenge og Campbell, 2018) og þurfa foreldrar að vera meðvitaðir um það.

Umsjónarkennararnir veltu fyrir sér hvernig útfæra mætti fræðslu fyrir foreldra. Sumir töluðu um að það ætti að vera skylda fyrir alla foreldra að fara á námskeið. Til dæmis að það væri „skylda fyrir alla [foreldra] sem eru með börn í [tilteknum] ... árgangi“ að fara á námskeið eða hlusta á „fyrirlesara“ (Guðrún), eða að það væri til námskeið sem kennari gæti beðið um fyrir foreldra tiltekins bekkjar (Ólína). Á þessum námskeiðum væri gagnlegt að þeirra mati að aðlaga fræðsluna að þörfum hvers árgangs, fjalla um þroskaskeið barnanna svo foreldrar hafi einhver viðmið, viti við hverju má búast og áskoranir daglegs lífs. Það samræmist að mörgu leyti skilgreiningu NPEN (2021) á foreldrafræðslu sem felur í sér að efla þekkingu foreldra á þroska barna og sambandi foreldris og barns auk þess að stuðla að vexti í foreldrahlutverkinu. Ólína benti á að „með því að hafa þetta innan skólans sé hægt að ná til allra foreldra“. Einhverjir töluðu þó um að þeir óttuðust að erfitt yrði að fá suma foreldra á slík námskeið. Ljóst er þó að umsjónarkennararnir telja foreldra þurfa á stuðningi og fræðslu að halda. Það rímar við það sem komið hefur fram í öðrum rannsóknnum að foreldrar vilja fá stuðning í uppeldishlutverkinu (Birna María Svanbjörnsdóttir, 2007; Hrund Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2010). Einhver sveitarfélög eins og Reykjavík eru að þróa skólaþjónustu sína með því að bæta stuðning og ráðgjöf við foreldra (Helgi Hjartarson, e.d.) og er það vel. Við teljum að sérmenntað fólk sem gæti frætt og stutt foreldra í uppeldishlutverkinu ætti að vera ávinningur fyrir skóla og létt á kennurum sem og verið dýrmætur stuðningur við foreldra og þar með börn. Það er í samræmi við niðurstöður um að kennarar telja aukið aðgengi að öðrum sérfræðingum geta dregið úr álagi á þeirra störf (Skúli Helgason o.fl., 2017).

## Samantekt og lokaorð

Eins og titill greinarinnar vísar til þá fannst umsjónarkennurinum allir vera mjög uppteknir – það uppteknir að „enginn“ hefði tíma til að sinna börnunum. Fyrsta þemað í niðurstöðunum gerir grein fyrir þeim miklu samfélagslegu kröfum sem gerðar eru til foreldra og barna. Kröfunum fylgir hraði, álag og tímaskortur. Foreldrar hafa margt á sinni könnu og því er kannski ekki skrítið að sumir þeirra gefi sér ekki tíma eða hafi ekki orku til að „fylgjast með og styðja við skólagöngu og námsframvindu“ barna sinna eins og lög um grunnskóla (nr. 91/2008, 18. gr.) kveða þó á um. Ábyrgð foreldra á námi og hegðun barna sinna er skýr í lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008; reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélaginu nr. 1040/2011). Umsjónarkennararnir voru meðvitaðir um þessar skyldur og ábyrgð foreldra og vildu að þeir tækju virkan þátt í námi barna sinna. Annað þemað gerir grein fyrir því mikla álagi sem umsjónarkennararnir finna fyrir í starfi, meðal annars vegna aukinnar kröfu frá foreldrum um að þeir komi meira að uppeldi barna – jafnvel utan skólatíma barnanna. Umsjónarkennararnir telja sig ekki hafa tök á að uppfylla þær kröfur foreldra. Þeir telja álag í starfi sé þá þegar of mikið og verkefni mörg. Auk þess telja þeir þetta varla sitt hlutverk né að þeir hafi menntun til að sinna því. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011)

ber kennurum meðal annars að sinna „uppeldi“ og bera ábyrgð á „líðan og velferð“ nemenda sinna. Velta má fyrir sér hvort of mikið sé sett á herðar kennara og hvort hægt væri að draga úr álagi á þá með því að auka aðgengi að öðrum sérfræðingum líkt og þeir hafa sjálfir bent á (Skúli Helgason o.fl., 2017). Ekki eru skýrar línur um hvað sé hlutverk foreldra og hvað kennara er kemur að uppeldi barna enda er kannski flókið að telja það upp, en vandamálið kemur skýrt fram er börn vantar stuðning og leiðsögn við að leysa úr samskiptavandamálum við félagi sína. Er það hlutverk umsjónarkennara eða foreldra? Skiptir máli hvort málið kemur upp innan eða utan skóla? Þriðja og síðasta þemað snýr að þörf foreldra á uppeldisfræðslu og stuðningi, en umsjónarkennararnir telja að auka þurfi framboð á almennri fræðslu og stuðningi við foreldra 10–13 ára barna. Að þeirra mati þarf að efla fræðslu fyrir foreldra um aga, mikilvægi samveru foreldra og barna og góðra samskipta. Börnin hafa mikla þörf fyrir leiðsögn í samskiptum við félagi sína og hvernig umgangast eigi snjalltæki og samfélagsmiðla. Umsjónarkennararnir töldu að gagnlegt væri að hafa fræðslu fyrir foreldra í tengslum við skólann en sumir efuðust um að foreldrar gæfu sér tíma fyrir slíkt.

Í niðurstöðum þessarar rannsóknar birtist uppeldi barna eins og heit kartafla sem foreldrar og umsjónarkennarar kasta á milli sín. Álagið á foreldra er mikið og umsjónarkennararnir upplifa að þeir séu að reyna að koma ýmsum þáttum uppeldis barna sinna í auknum mæli yfir á skólana, en umsjónarkennararnir nefna ýmsar ástæður fyrir því að þeir geti ekki tekið aukinn þátt í uppeldinu og vísa aftur á foreldrana. Þeir telja að þær samfélagslegu kröfur sem gerðar eru til foreldra bitni á börnunum. Velta má fyrir sér hvort við sem samfélag metum uppeldishlutverkið sem skyldi. Foreldrum þarf að vera kleift að sinna uppeldi barna sinna en til þess þurfa þeir stuðning og fræðslu að mati umsjónarkennaranna. Með hvaða hætti viljum við að skólinn styðji við uppeldi barna og hvernig getum við gert honum það kleift? Varla er raunhæft að leggja meira á umsjónarkennara. Því má ætla að þörf sé á sérmenntuðu fagfólki sem starfar í samvinnu við skólana og getur veitt foreldrum fræðslu og stuðning í uppeldishlutverkinu. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa okkur mikilvæga innsýn í reynslu umsjónarkennara og mat þeirra á þörf fyrir uppeldisfræðslu og stuðning við foreldra. Þörf er á frekari rannsóknum þar sem sýn foreldranna sjálfra er skoðuð.

## Þakkir

Anna Lilja Einarsdóttir fær okkar bestu þakkir fyrir dýrmæta aðstoð við texta- og heimildavinnu. Umsjónarkennararnir, sem tóku þátt í rannsókninni, fá sérstakar þakkir fyrir þátttökuna og fyrir að deila reynslu sinni.

### **“Now, everyone is so busy that there is no one to take care of the children”: Need for parent education: Perspectives of supervisory teachers in middle school.**

Family life has changed in recent decades and become more complex, leading to new challenges regarding children's upbringing. In modern society, most parents have jobs outside of the home and children spend a large part of their day in school. Therefore, we can assume that supervisory teachers are aware of children's needs, as well as their parents, due to the emphasis on cooperation between school and home (lög um grunnskóla [Act on Compulsory Education] no. 91/2008; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, [Ministry of Education and Culture], 2011).

The aim of the study is to provide insight into the challenges associated with parenting children 10–13 years of age in modern society, according to Icelandic supervisory teachers' estimation. Moreover, the objective is to explore the teachers' perspectives on parents' and supervisory teachers' roles and responsibilities in parenting, along with their estimation of the need for parental support and parent education. The data consists of semi-struct-

ured interviews with eight supervisory teachers in 5th–7th grade in middle schools. The data was analysed using thematic analysis (Braun og Clarke, 2006). Three main themes were explored: (1) High sociological demands are made on parents and children; (2) increasing demands from parents on teachers to participate more in children’s upbringing and; (3) the need for increased parental support and parent education.

The main findings revealed that Icelandic society places significant pressure and demands on parents, resulting in parents’ busy lives. These sociological demands cause Icelandic society to be fast-paced, with parents lacking time, thus causing stress and strain on families. The job market plays a major role in this high tempo. The schools also make demands on parents, such as monitoring the children’s academic progress. Children’s after school activities makes demands on parents as well. Additionally, parents’ social and personal lives are a source of strong pressure. Therefore, it is not surprising that some parents have neither the time nor energy to monitor and support their children’s school attendance and academic progress, as the elementary school law stipulates (nr. 91/2008, paragr. 18). Parents’ responsibilities for their children’s education and behavior are clearly expressed in the law of the land (lög um grunnskóla no. 91/2008; Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélaginu [Regulation on the Responsibilities and Obligations of Partners in the School Community] no. 1040/2011) and teachers require parents to be more actively involved in their children’s education.

Teachers experience increasing demands from parents to the effect that teachers participate more in children’s upbringing. For instance, many parents want teachers’ assistance in solving communication difficulties between children, even in cases that happen after school hours. However, the teachers do not feel able to meet these demands. They say the workload and related stress is already excessive. Besides, they do not see this as part of their job as teachers nor are they trained in field of parent education. The teachers would have liked to learn more about collaboration between school and parents during their education process. According to the National Curriculum Guide (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011), teachers are obliged to attend to the upbringing of their students and are responsible for their well-being. However, it is not further explained what this entails. The role of parents and teachers, respectively, remains unclear. A good example of this vagueness is when children need support and guidance in solving communication problems with their peers. Is that the role of teachers or parents? Does it matter whether this happens during or after school hours?

The teachers want parents to take responsibility for their children. They think there is a real need for parent education and parental support in bringing up 10–13 year old children. The teachers say that parents need to be educated in setting limits and boundaries and emphasize the importance of parents spending time and communicating successfully with their children. The children urgently need guidance in using computers and smart devices, especially when it comes to social media. Some of them have access to their own social media accounts, despite the age limit being 13 years or older. Some of the teachers expressed concerns regarding the effect these factors have on children and speculated that this could have a negative influence with respect to anxiety and depression among children. The teachers said it would be beneficial to conduct parent education in the schools although some doubted that parents would take the time to attend.

The results of this study should be an important contribution to the discussion on parents’ and teachers’ roles and responsibilities in children’s upbringing. Also, the findings are important for policy formulation regarding parent education and support for those who work with parents. Thus, the findings should be of value both for parents and their children.

**Keywords:** Parents, children, upbringing, middle school, teachers, parent education



## Um höfunda

Sigrún Helgadóttir (sigrhelg@gmail.com) lauk BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði (2006) frá Háskóla Íslands, námi í kennsluréttindum í grunn- og framhaldsskóla (2008) frá Kennaraháskóla Íslands og MA-prófi í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf (2019) frá Háskóla Íslands. Sigrún hefur starfað sem umsjónarkennari á miðstigi og sem deildarstjóri/staðgengill skólustjóra en starfar nú sem verkefnastjóri við grunnskólann Flóaskóla.

Hrund Þórarins Ingudóttir (hrundin@hi.is) er lektor í uppeldis- og menntunarfræði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hrund lauk meistaraprófi (2008) og doktorsprófi (2015) í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands. Hrund stundaði nám í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf við University of Minnesota sem hluta af doktorsnámi sínu. Helstu rannsóknarsvið Hrundar eru uppeldissýn foreldra – gildi þeirra, markmið og leiðir en einnig þróun foreldrafræðslu og uppeldisráðgjafar á Íslandi.

## About the authors

Sigrún Helgadóttir (sigrhelg@gmail.com) completed a bachelor's degree in education studies (2006) from the University of Iceland, a degree in teaching at elementary and high school levels (2008) from Iceland College of Education and a master's degree in parent education (2019) from the University of Iceland. Sigrún has worked as a teacher in middle school and as an assistant principal. She currently works as a project manager at Floaskoli.

Hrund Þórarins Ingudóttir (hrundin@hi.is) is an assistant professor in education studies at the School of Education, University of Iceland. Hrund completed her master's degree (2008) and a Ph.D. (2015) in education studies from the University of Iceland. She studied parent education at the University of Minnesota as a part of her doctoral thesis. Her research focuses on parents' pedagogical vision and the development of parent education in Iceland.

## Heimildir

- Alonso, R. F., Díaz, M. Á., Woitschach, P., Álvarez, J. S. og Cuesta, M. (2017). Parental involvement and academic performance: Less control and more communication. *Psicothema*, 29(4), 453–461. <https://doi.org/10.7334/psicothema2017.181>
- Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir. (2019). „Mér finnst ég stundum eins og hamstur í hjóli“: Streita í daglegu lífi fjölskyldufólks á Íslandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(1), 4–19. [https://www.rha.is/static/files/hamstur-i-hjoli\\_grein\\_marta-og-andrea.pdf](https://www.rha.is/static/files/hamstur-i-hjoli_grein_marta-og-andrea.pdf)
- ART-teymið á Suðurlandi. (e.d.). *Fjölskyldu-ART*. <https://www.isart.is/fjolskyldu-art/>
- Ársæll Arnarsson. (2019). Depurð meðal skólabarna á Íslandi. *Sérít Netlu 2019 – Alþjóðlegar menntakannanir*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.30>
- Ársæll Már Arnarsson, Sigrún Daníelsdóttir og Rafn Magnús Jónsson. (2020). *Félagstengsl íslenskra barna og ungmenna*. [https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item41614/Félagstengslbarnaogungmenna\\_LOK.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item41614/Félagstengslbarnaogungmenna_LOK.pdf)
- Baldur Kristjánsson. (2001). *Barndomen och den sociala moderniseringen: Om att växa upp i Norden på tröskeln till et nytt millennium* [doktorsritgerð]. Lärarhögskolan i Stokkhólmi, Svíþjóð.
- Barnalög nr. 76/2003.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Barr, R. (2019). Parenting in the digital age. Í M. H. Bornstein (ritstjóri ritraðar), *Handbook of parenting: 5. bindi: The practice of parenting* (3. útgáfa, bls. 380–409). Routledge.
- Baumrind, D. (1971). Current patterns of parental authority. *Developmental Psychology Monographs*, 4(1), 1–103.

- Birna María Svanbjörnsdóttir. (2007). Vilja foreldrar stuðning í foreldrahlutverkinu? *Uppeldi og menntun*, 16(2), 95–115. <https://timarit.is/page/5209223#page/n94/mode/2up>
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Sage.
- Brynja Örylgsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Birta Kjartansdóttir og Ólöf Gunnhildur Ólafsdóttir. (2016). Mat á mælitækinu SCARED til að skima fyrir kvíða: Notkun í heilsuvernd skólabarna. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (ritstjórar), *Ungt fólk: Tekist á við tilveruna* (bls. 111–128). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Clarke, V., Braun, V. og Hayfield, N. (2015). Thematic analysis. Í J. A. Smith (ritstjóri), *Qualitative psychology: A practical guide to research methods* (bls. 222–248). Sage.
- Collins, W. A. og Madsen S. M. (2019). Parenting during middle childhood. Í M. H. Bornstein (ritstjóri ritraðar), *Handbook of parenting: 1. bindi: Children and parenting* (3. útgáfa, bls. 81–109). Routledge.
- Crnic, K. A. og Coburn, S. S. (2019). Stress and parenting. Í M. H. Bornstein (ritstjóri ritraðar), *Handbook of parenting: 4. bindi: Social conditions and applied parenting* (3. útgáfa, bls. 421–448). Routledge.
- Einar B. Þorsteinsson og Ársæll Arnarsson. (2018). *Heilsa og lífskjör skólanema á Íslandi*. [https://www.stjornar-radid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/HBSC\\_Skyrsla%202018\\_Landssvæði.pdf](https://www.stjornar-radid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/HBSC_Skyrsla%202018_Landssvæði.pdf)
- Erla Sif Markúsdóttir og Lilja M. Jónsdóttir. (2016). „Þegar maður finnur að krökkunum líður vel og eru kátir í skólanum, þá er takmarkinu náð“: Um hlutverk, ábyrgð og skyldur umsjónarkennara. *Netla – Vef tímarit um uppleddi og menntun*. [http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/04\\_ryn\\_arsrit\\_2016.pdf](http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/04_ryn_arsrit_2016.pdf)
- Foreldrahus. (e.d.). Foreldrahus. <https://www.foreldrahus.is/>
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). Innflytjendur eftir kyni og sveitarfélagi 1. janúar 1996–2021. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_3\\_bakgrunnur\\_\\_Uppruni/MAN43005.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Uppruni/MAN43005.px)
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). Tekjur eftir sveitarfélögum og kyni 1990–2020 – Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2020. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_launogtekjur\\_\\_3\\_tekjur\\_\\_1\\_tekjur\\_skattframtol/TEK01002.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__launogtekjur__3_tekjur__1_tekjur_skattframtol/TEK01002.px)
- Háskólinn á Akureyri. (e.d.). Kennarafræði, B.Ed. 180 einingar. [https://ugla.unak.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=640014\\_20216&kennsluar=2021&lina=402](https://ugla.unak.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=640014_20216&kennsluar=2021&lina=402)
- Háskóli Íslands (e.d.-a). Deild kennslu- og menntunarfræði. <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=45979>
- Háskóli Íslands. (e.d.-b). Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, MA, 120e. <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=46086&kennsluar=2021>
- Háskóli Íslands. (2019). Siðareglur. <https://www.hi.is/haskolinn/sidareglur>
- Hegðunarráðgjöf. (2017). Þjónusta. <https://www.hegdun.is/copy-of-um-hegdunarradgjof>
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins. (e.d.). Meðferð við kvíða hjá 6–12 ára börnum. [https://www.heilsugaeslan.is/um-hh/frettasafn/stok-frett/2021/11/25/Medferd-vid-kvida-hja-6-12-ara-bornum/?fbclid=IwAR2SGh-W7M3Dv3\\_RkmcelfgVFowAAcerjdikyXKzzxLYUi-sCMZybs1r0S0](https://www.heilsugaeslan.is/um-hh/frettasafn/stok-frett/2021/11/25/Medferd-vid-kvida-hja-6-12-ara-bornum/?fbclid=IwAR2SGh-W7M3Dv3_RkmcelfgVFowAAcerjdikyXKzzxLYUi-sCMZybs1r0S0)
- Heimili og skóli. (e.d.). Fræðsla. <https://www.heimiliogskoli.is/fraedsla>
- Helgi Hjartarsson. (e.d.). *Kynning á starfi og áherslum skólaþjónustu Reykjavíkurborgar: Reykjavíkurmódelið*. [https://www.greining.is/static/files/2019/Vorradsstefna\\_2019/helgi\\_hjartarson.pdf](https://www.greining.is/static/files/2019/Vorradsstefna_2019/helgi_hjartarson.pdf)
- Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson. (2011). *Ungt fólk 2011: Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 5., 6. og 7. bekk*. <http://hdl.handle.net/10802/4483>
- Hrund Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2010). Sýn foreldra á uppeldis hlutverk sitt. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Ritroð Siðfræðistofnunar: Siðfræði og samtími: Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 115–133). Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2006). *Gullkista við enda regnbogans. Rannsókn á hegðunarfunda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005–2006*. [https://notendur.hi.is/ingvars/agi/Skyrsla\\_Hegdun\\_Lokagerd.pdf](https://notendur.hi.is/ingvars/agi/Skyrsla_Hegdun_Lokagerd.pdf)

- Jóhanna Einarsdóttir. (2006). Between two continents, between two traditions. Í Jóhanna Einarsdóttir og J. T. Wagner (ritstjórar), *Nordic childhoods and early education: Philosophy, research, policy, and practice in Denmark, Finland, Iceland, Norway, and Sweden* (bls. 159–182). IAP Information Age.
- Jóna Karen Sverrisdóttir, Ólafur Elínarson og Sarah Knappe. (2013). *SAFT könnun á netnotkun barna og unglínga*. [http://saft.is/wp-content/uploads/2017/09/Barnakönnun\\_4022745\\_SAFT\\_170314.pdf](http://saft.is/wp-content/uploads/2017/09/Barnakönnun_4022745_SAFT_170314.pdf)
- Kolbeinn H. Stefánsson. (2008). *Samspil vinnu og heimilis: Álag og árekstrar*. [http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/skrar/working\\_paper\\_of\\_chapter\\_4.pdf](http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/skrar/working_paper_of_chapter_4.pdf)
- Lemola, S., Perkinson-Gloor, N., Brand, S., Dewald-Kaufmann, J. F. og Grob, A. (2015). Adolescents' electronic media use at night, sleep disturbance, and depressive symptoms in the smartphone age. *Journal of Youth and Adolescence*, 44, 405–418. <https://doi.org/10.1007/s10964-014-0176-x>
- Litla kvíðameðferðarstöðin. (e.d.). *Opin námskeið*. <https://www.litlakms.is/opin-namskeid>
- Livingstone, S., Haddon, L., Görzig, A. og Kjartan Ólafsson. (2011). *Risks and safety on the internet: The perspective of European children. Full findings and policy implications from EU kids online survey of 9–16 year olds and their parents in 25 countries*. <http://eprints.lse.ac.uk/id/eprint/33731>
- Livingstone, S., Mascheroni, G., Dreier, M., Chaudron, S. og Lagae, K. (2015). *How parents of young children manage digital devices at home: The role of income, education and parental style*. <http://eprints.lse.ac.uk/id/eprint/63378>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Erla María Tölgyes, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Ingibjörg Eva Þórisdóttir og Álfgeir Logi Kristjánsson. (2020). *Ungt fólk 2019 5., 6. og 7. bekkur. Niðurstöður rannsóknar meðal grunnskólanema í 5., 6. og 7. bekk á Íslandi 2019*. <https://rannsoknir.is/wp-content/uploads/2020/10/Ungt-folk-5.-7.bekkur-2019.pdf>
- Margrét Sigmarsdóttir, Örnólfur Thorlacius, Edda Vikar Guðmundsdóttir og David S. Degarmo. (2015). Treatment effectiveness of PMTO for children's behavior problems in Iceland: Child outcomes in a nationwide randomized controlled trial. *Family Process*, 54(3), 498–517. <https://doi.org/10.1111/famp.12109>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti*.
- Nanna Kristín Christiansen. (2011). *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann*. Iðnú.
- NPEN [National Parenting Education Network]. (2021). *About NPEN*. <https://npen.org/about-npen>
- OECD. (e.d.). Employment rate (indicator). <https://doi.org/10.1787/a452d2eb-en>
- OECD. (2019). *Educating 21st century children: Emotional well-being in the digital age*. <https://doi.org/10.1787/20769679>
- OECD. (2020). *Why parenting matters for children in the 21st century: An evidence-based framework for understanding parenting and its impact on child development*. [https://www.oecd.org/officialdocuments/publicdisplaydocumentpdf/?cote=EDU/WKP\(2020\)10&docLanguage=En](https://www.oecd.org/officialdocuments/publicdisplaydocumentpdf/?cote=EDU/WKP(2020)10&docLanguage=En)
- Ólína Freysteinsdóttir, Halldór S. Guðmundsson og Kjartan Ólafsson. (2015). „Bara fimm mínútur í viðbót“: Unglingar, netnotkun og samskipti við foreldra. *Uppeldi og menntun*, 24(1), 53–72. <https://timarit.is/page/6330905#page/n2/mode/2up>
- Páll Biering og Guðberg K. Jónsson. (2016). Einelti á veraldarvefnum: Umfang og áhrif á sálfélagslega líðan barna og unglínga. Í Guðrún Kristjánisdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (ritstjórar), *Ungt fólk: Tekist á við tilveruna* (bls. 129–148). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ragnar F. Ólafsson. (2019). *TALIS 2018: Starfshættir og viðhorf kennara og skólustjóra á unglíngastigi grunnskóla*. Menntamálastofnun.
- Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélaginu nr. 1040/2011.
- Roskam, I., Raes, M. E. og Mikolajczak, M. (2017). Exhausted parents: Development and preliminary validation of the parental burnout inventory. *Frontiers in Psychology*, 8, Article 163, 1–12. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2017.00163>
- Sálstofan. (e.d.). Stilltu skapið. <https://salstofan.is/skapstilling/>

„Núna eru allir einhvern veginn rosa uppteknir og það er enginn sem svona heldur utan um krakkana“:  
Þörf á foreldrafræðslu: Sýn umsjónarkennara á miðstigi grunnskóla

- Sif Einarasdóttir, Regína Bergdís Erlingsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ásta Snorraddóttir. (2019). Kulnun kennara og starfsaðstæður: Þróun og samanburður við aðra opinbera sérfræðinga. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2019.12>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífsögur ungs fólks: Samskipti, áhættuþegðun, styrkleikar*. Háskólaútgáfan.
- Sigrún Erla Ólafsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2013). „Til þess að aðrir virði mann verður maður að virða sig sjálfur“: Sýn grunnskólakennara á virðingu í starfi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/005.pdf>
- Skúli Helgason, Rósa Ingvarsdóttir, Ólafur Loftsson, Hildur Ingólfsdóttir, Jónína Vala Kristinsdóttir, Eygló Friðriksdóttir, Birgitta Bára Hassenstein, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Marta Guðjónsdóttir og Svandís Ingi-mundardóttir. (2017). *Nýliðun og bæt starfsumhverfi grunnskólakennara*. [https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/skrsla.pdf.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/skrsla.pdf.pdf)
- Snæfríður Dröfn Björgvinsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir. (2014). Erfið hegðun nemenda: Áhrif á líðan kennara. *Uppeldi og menntun*, 23(2), 65–86. <https://ojs.hi.is/uppmennt/article/view/1934>
- Soffía M. Hrafnkelsdóttir, Brychta, R. J., Vaka Rögnvaldsdóttir, Sunna Gestsdóttir, Chen, K. Y., Erlingur Jóhannsson, Sigríður L. Guðmundsdóttir og Sigurbjörn A. Arngrímsson. (2018). Less screen time and more frequent vigorous physical activity is associated with lower risk of reporting negative mental health symptoms among Icelandic adolescents. *PLOS ONE*, 13(4). <https://doi.org/10.1371/journal.pone.0196286>
- Steinberg, L. (2001). We know some things: Parent-adolescent relationships in retrospect and prospect. *Journal of Research on Adolescence*, 11(1), 1–19. <https://doi.org/10.1111/1532-7795.00001>
- Taylor, R. D., Oberle, E., Durlak, J. A. og Weissberg, R. P. (2017). Promoting positive youth development through school-based social and emotional learning interventions: A meta-analysis of follow-up effects. *Child Development*, 88(4), 1156–1171. <https://doi.org/10.1111/cdev.12864>
- Twenge, J. M. og Campbell, W. K. (2018). Associations between screen time and lower psychological well-being among children and adolescents: Evidence from population-based study. *Preventive Medicine Reports*, 12, 271–283. <https://doi.org/10.1016/j.pmedr.2018.10.003>
- Vandell, D. L., Simpkins, S. D. og Wegemer, C. M. (2019). Parenting and children's organized activities. Í M. H. Bornstein (ritstjóri ritraðar), *Handbook of parenting: 5. bindi: The practice of parenting* (3. útgáfa, bls. 347–379). Routledge.
- WHO [World Health Organization]. (2012). *Social determinants of health and well-being among young people: Health behaviour in school-aged children (HBSC) study: International report from the 2009/2010 survey*. [https://www.euro.who.int/\\_\\_data/assets/pdf\\_file/0003/163857/Social-determinants-of-health-and-well-being-among-young-people.pdf](https://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0003/163857/Social-determinants-of-health-and-well-being-among-young-people.pdf)



Sigrún Helgadóttir og Hrund Þórarins Ingudóttir. (2021).

„Núna eru allir einhvern veginn rosa uppteknir og það er enginn sem svona heldur utan um krakkana“: Þörf á foreldrafræðslu: Sýn umsjónarkennara á miðstigi grunnskóla.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2021 – Menntavika 2021.

Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2021/menntavika\\_2021/03.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2021/menntavika_2021/03.pdf)

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2021.3>